

Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 2. apríl, kl. 9:00 var haldinn 1765. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Rósa Magnúsdóttir, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Hlemms ehf., kt. 540621-1870, dags. 21. mars 2024, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Hlemmur Suites) að Laugavegi 105, F2010335 (3. hæð), F2010336 (4. hæð), F2010337 (5. hæð). Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. mars 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 20. mars 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Hlemms ehf., kt. 540621-1870, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, tegund; stærra gistiheimili (Hlemmur Suites) að Laugavegi 105, F2010335 (3. hæð), F2010336 (4. hæð), F2010337 (5. hæð).
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*. Gestafjöldi 73.
- Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20. febrúar 2024, um skráningu á sjálfvirkri bón- og bílaþvottastöð við Vatnagarða 40, F2020313, rými 01 0101. Eigendaskipti – breyting úr starfsleyfi í skráningu.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöð*.
- Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 20. febrúar 2024, um skráningu á sjálfvirkri bón- og bílaþvottastöð við Gagnveg 2, F2041042, rými 03 0101. Eigendaskipti – breyting úr starfsleyfi í skráningu.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bón- og bílaþvottastöð*.

Fundi slitið 09:33

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson

Rósa Magnúsdóttir